

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

9. tbl. 2. árg.

3. október 2024



Fagurrautt og glæsilegt hús rís við Aðalgötu.

Uppbygging heldur áfram

Svipmikið og fallett hús er nú að taka á sig mynd við Aðalgötu 16 í Stykkishólmi. Húsið er byggt í gömlum stíl sem einkennir bæjarmynd Stykkishólms en stutt er síðan lokið var við byggingu á Aðalgötu 15, hinu megin við götuna, þar sem nú stendur

einnig hús í gömlum stíl sem styður vel við bæjarmyndina. Bæði hús eru byggð á lóðum sem hafa staðið auðar til fjölda ára og falla framkvæmdirnar því vel að stefnu sveitarfélagsins um þéttingu byggðar. Þá eru bæði hús í eigu verkalýðsfélaga sem túl-

ka má sem aukna eftirspurn fólks til að sækja Hólminn heim og njóta þeirra góðu þjónustu og afþreyingar sem hér stendur til boða. Þá hafa margir eflaust tekið eftir því að Víkurhverfið er farið að taka á sig mynd. Gatnagerð er langt komin, sex lóðum

hefur nú verið úthlutað sem gera samtals ráð fyrir 8 byggingum, eða 24 íbúðum og því mikil uppbygging og íbúafjölgun í kortunum. En nú í byrjun þessa mánaðar eru íbúar í Sveitarfélaginu Stykkishólmi alls 1.344 talsins.

Fyrsta svæði í Evrópu til að hljóta Master vottun



Enn á ný vekur Snæfellsnes verðskuldaða athygli fyrir framistöðu í umhverfismálum.

Nýverið hlaut Snæfellsnes svokallaða master umhverfsvottun EarthCheck, en Snæfellsnes er fyrsta samfélagið í Evrópu og annað í heiminum til að hljóta slíka vottun. Er þetta 15. vottunin frá því að framtakssamir íbúar, hagsmunaaðilar og sveitarfélög hófu þessa vegferð í byrjun 21. aldarinnar. Árlega metur óháður sérfræðingur hvort gögn og starfsemi sveitarfélaganna uppfylli skilyrði endurnýjaðrar vottunar, en kröfurnar sem þarf að uppfylla aukast með ári hverju og þarf yfirleitt að fara í úrbætur. Master vottun

fæst einungis ef áfangastaður hefur verið þátttakandi í EarthCheck umhverfsvottunarverkefninu í 15 ár eða lengur. Titillinn er viðurkenning á skuldbindingu áfangastadarsins til að stjórna og bæta umhverfis- og samfélagslega stöðu sína og sameiginlega viðleitni til að vinna að sjálfbærum árangri. Vottunin útvegar stöðir til að mæla og bæta frammistöðu í umhverfis-, menningar-, samfélags- og efnahagsmálum, með áherslu á stefnumótun og aðgerðaráætlanir, og er viðurkennd af Alþjóðaferðamálasamtökum

Sameinuðu þjóðanna (UNWTO). Aðrir áfangastaðir með umhverfsvottun EarthCheck eru Umeå, Azoreyjar og Dublin sem hefur nýlega gengið til liðs við EarthCheck. Með þessu verkefni er verið að taka á ýmsum málum sem stuðla að sjálfbærni. Meðal atriða sem eru metin eru aðgerðir gegn mengun og ágengum tegundum, úrgangsmál, framtaksemi til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, gagnsæ samskipti við íbúa og stuðningur við lýðheilsu og menningu. Vottunarferlið er árlegt og ekki án áskorana, en það

sem skiptir miklu máli er að sjálfbærnimarkmið og aðgerðir í samræmi við þau séu innlimuð í starfsemina og að flestir hagaðilar á svæðinu vinni saman með framtíð umhverfis og samfélags að leiðarljósi. Vöktun á auðlindanotkun, úrgangslosun og samfélagslegri stöðu, t.d. atvinnuleysi, íbúafjöldi eða fjöldi ferðafólks eru meðal þeirra atriða sem umhverfsvottunarverkefni Snæfellsnes heldur utan um. Þrátt fyrir að vera lítið samfélag á heimsmælikvarða er Snæfellsnes í sterkri stöðu til að vera fyrirmynd fyrir önnur samfélög. Það bera hin ýmsu samstarfsverkefni með sér, sem Snæfellsnes hefur tekið þátt í í gegnum árin. Bæði erlend og innlend verkefni sem og samskipti við samfélög, stór og smá sem hafa leitað leiða til að innlimma sjálfbærni í starfsemi sína. Með umhverfsvottunarverkefninu eru Snæfellingar fordæmisgefandi enda mikilvægt að stuðla að sjálfbærni og leitast ávallt eftir bættir frammistöðu í umhverfis- og samfélagsmálum.

Fréttir og umbrot
blaðsins annast
Jón Sindri Emilsson
aðstoðarmaður
bæjarstjóra.

Gyða ráðin í stöðu fjármála- og skrifstofustjóra



Gyða Steinsdóttir hefur verið ráðin í stöðu fjármála- og skrifstofustjóra hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Staðan var auglýst í kjölfar þess að Þór Örn Jónsson,

sem starfað hefur sem bæjarritari í Stykkishólmi frá 1. janúar 2004, óskaði eftir að láta af störfum við 67 ára aldur sinn. Gyða hefur störf hjá sveitarfélaginu á næstu mánuðum. Á 28. fundi bæjarstjórnar Stykkishólms, þann 26. september, samþykkti bæjarstjórn tillögu bæjarstjóra um að ráða Gyðu Steinsdóttir í stöðu fjármála- og skrifstofustjóra hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Við heildarmat á hæfni umsækjenda var

mat bæjarstjóra samhljóða mati ráðgjafa að Gyða Steinsdóttir mæti best þeim hæfnikröfum sem settar voru fram í auglýsingu. Var bæjarráði kynnt niðurstaða bæjarstjóra og ráðgjafa á 25. fundi bæjarráðs. Gyða var bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar frá árinu 2010 til 2014. Áður starfaði hún sem skrifstofustjóri hjá Sýslumanninum í Stykkishólmi og rak bókhaldstofu í Stykkishólmi, ásamt því að sinna fjármálastjórn eigin fyrirtækis síðus-

tu 20 árin. Gyða hefur undanfarin ár starfað sem verkefnastjóri hjá KPMG á Vesturlandi og rekið skrifstofu félagsins í Stykkishólmi. Gyða er með Macc. í reikningshaldi og endurskoðun frá Háskóla Íslands og BS í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri. Starf fjármála- og skrifstofustjóra var auglýst laust til umsóknar þann 16. ágúst sl. og var umsóknarfrestur til og með 2. september sl. Alls bárust 11 umsóknir um stöðuna.

Heilsudagar í Hólminum



Heilsudagar í Hólminum voru haldnir dagana 23. september - 1. október í tilefni af íþróttaviku Evrópu sem haldin er víðsvegar um álfuna í september á ári hverju. Markmið vikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi sem getur hentað öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á

að höfða til grasrótarnar og að hvetja íbúa til þess að hreyfa sig reglulega. Megin markmið sveitarfélagsins þessa daga er að kynna allt það góða starf sem nú þegar er í boði, en jafnframt vekja athygli á öðrum möguleikum til hreyfingar á svæðinu. Fjöldi viðburða var í boði og þátttaka góð.

Tiltekt á hafnarsvæði Skipavíkur



Tiltekt stendur nú yfir á hafnarsvæði Skipavíkur en sveitarfélagið hefur farið þess á leit við eigendur báta og lausafjármuna á svæðinu, í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, að þeir fjarlægji eigin sínar sem eru utan lóða á svæðinu. Þess var óskað að búið yrði að rýma svæði utan lóða fyrir 1. október síðast-

liðinn. Undanskilin þessu eru atvinnutæki sem hafa verið í notkun á þessu og síðasta ári. Frekari upplýsingar um málið veitir Jón Jakob Jakobsson, hafnarvörður, og eru þeir sem eiga búnað á svæðinu hvattir til að hafa samband við hann en tiltekt á svæðinu stendur enn yfir.

Samningur um ljósleiðaravæðingu



Alls taka 25 sveitarfélögu þátt í verkefninu.

Fimmtudaginn 19. september staðfestu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og innviðaráðherra samninga fjarskiptasjóðs við 25 sveitarfélög um að ljúka ljósleiðaravæðingu landsins fyrir

árslok 2026. Sveitarfélagið Stykkishólmur er meðal þeirra sveitarfélaga sem samningurinn nær til og undirritaði bæjarstjóri samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Danssýning Grunnskólans í Stykkishólmi



Mæting á sýninguna var góð að vanda.

Priðjudaginn 1. október fór fram danssýning Grunnskólans í Stykkishólmi í íþróttamiðstöðinni. Sýningin er haldin ár hvert og er opin öllum. Undanfarin misseri hefur dansskóli Jóns Péturs og Köru sinnt danskennslu við

grunnskólann og leikskólann í Stykkishólmi. Danssýningin er á mörgum heimilum mikið tilhlökkunarefni, en hún er einskonar uppskeruhátíð danskennslunar og markar jafnframt lok hennar á ári hverju.

Haldið uppá afmæli Höfðaborgar



Rannveig fór yfir sögu og starfsemi Höfðaborgar.

Höfðaborg hélt upp á eins árs afmæli sitt föstudaginn 20. september síðastliðinn, en formleg opnun starfseminnar var haldin 8. október á síðasta ári þegar nafnið Höfðaborg var afhjúpað. Fjöldi fólks mætti í pálínuboð

og naut góðra veitinga. Rannveig, forstöðukona Höfðaborgar, ávarpaði samkomuna í nýuppggerðum og glæsilegum sal sem er nú svo gott sem tilbúinn til notkunar. En salurinn mun meðal annars hýsa starfsemi Aftanskin, félags



Nemendur Tónlistarskólans sáu um skemmtiatriði.

eldri borgara í Stykkishólmi. Töluverðar breytingar hafa orðið á húsnæðinu síðastliðið ár. Má þar nefna eldhúsið og eldhúsbúnað, gangurinn við nýja salinn hefur fengið andlistlyftingu, nýtt þvottahús er komið í notkun og

búið er að útbúa nýja skrifstofu forstöðukonu svo fátt eitt sé nefnt. Framkvæmdum á Höfðaborg er þó ekki lokið en unnið er nú að því að standsetja nýjan frystiklefa í rými þar sem þvottahúsið var áður.